1.05 Fasteignir héraðsskóla -3,1

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing -3,1

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur 3,1

m.kr.

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfing..... 3,1

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,2
Fjármögnun:
Viðskiptahreyfing..... 0,2

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.37 Endurmenntun..... 14,6
Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,6

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði..... -0,2
Fjármögnun:
Viðskiptahreyfing..... -0,2

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands..... 0,1
Fjármögnun:
Viðskiptahreyfing..... 0,1

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn..... -67,8
Sértekjur:
Sértekjur 46,0
Gjöld umfram tekjur -21,8

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-21,8
02-907 Listasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	4,5
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing	4,5
02-973 Þjóðleikhús	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhús	-62,6
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing	-62,6
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	-71,0
Greitt úr ríkissjóði	-21,8
Innheimt af ríkistekjum	0,0
Viðskiptahreyfingar	-49,2

03 Utanríkisráðuneyti**03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn.....	11,0
1.02 Varnarmálaskrifstofa.....	1,2
Almennur rekstur samtals.....	12,2
Gjöld samtals.....	12,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði.....	12,2

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 Hafréttarstofnun Íslands.....	4,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði.....	4,3

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur.....	-13,4
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing.....	-13,4

03-301 Sendiráð Íslands í Berlín

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í Berlín.....	1,1
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing.....	1,1

03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn.....	0,3

Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		0,3
03-303 Sendiráð Íslands í London		
Almennur rekstur:		
1.01 Sendiráð Íslands í London		-0,7
Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		-0,7
03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu		
Almennur rekstur:		
1.01 Sendiráð Íslands í Moskvu.....		-0,3
Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		-0,3
03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO		
Almennur rekstur:		
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO		-1,2
Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		-1,2
03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi		
Almennur rekstur:		
1.01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi		-0,4
Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		-0,4
03-308 Sendiráð Íslands í Washington		
Almennur rekstur:		
1.01 Sendiráð Íslands í Washington		-1,1
Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		-1,1

03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Almennur rekstur:

1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York..... -0,2

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -0,2

03-310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Almennur rekstur:

1.01 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu..... 0,9

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 0,9

03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Almennur rekstur:

1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu..... 0,5

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 0,5

03-312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Almennur rekstur:

1.01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf..... 0,4

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 0,4

03-314 Sendiráð Íslands í Peking

Almennur rekstur:

1.01 Sendiráð Íslands í Peking..... -0,1

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -0,1

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:

1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki 0,1

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 0,1

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:

1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu..... -0,1

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -0,1

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur -2,3

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -2,3

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:

1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna. -3,4

1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna. -2,6

Almennur rekstur samtals -6,0

Gjöld samtals -6,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði -6,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:

1.85 Alþjóðleg friðargæsla -7,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði -7,5

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	-13,5
Greitt úr ríkissjóði.....	3,0
Innheimt af ríkistekjum.....	0,0
Viðskiptahreyfingar	-16,5

04 Landbúnaðarráðuneyti**04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins**

Almennur rekstur:

1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins -0,6

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing -0,6

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins -2,1

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing -2,1

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Landgræðsla ríkisins 1,2

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 1,5

Viðskiptahreyfing -0,3

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Skógrækt ríkisins -2,2

Stofnkostnaður:

6.20 Fasteignir, óskipt 1,3

Gjöld samtals -0,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 1,3

Viðskiptahreyfing -2,2

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:

1.10 Skógræktaráttak á Fljótsdalshéraði -0,5

Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		-0,5
04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt		
Almennur rekstur:		
1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt		-1,5
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		-1,5
04-343 Landshlutabundin skógrækt		
Almennur rekstur:		
1.10 Suðurlandsskógar.....		2,7
Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		2,7
04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins		
Stofnkostnaður:		
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins		-51,2
Fjármögnun:		
Viðskiptahreyfing.....		-51,2
04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði		
Stofnkostnaður:		
6.91 Ýmis stofnkostnaður.....		-6,4
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		-6,4
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur		-59,3
Greitt úr ríkissjóði.....		-5,1
Innheimt af ríkistekjum.....		0,0
Viðskiptahreyfingar		-54,2

05 Sjávarútvegsráðuneyti**05-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:

1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits..... 3,3

1.90 Ýmislegt..... 1,7

Almennur rekstur samtals 5,0

Gjöld samtals 5,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 5,0

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:

1.10 Landamærastöðvar..... 27,7

1.11 Eftirlit með úthafsveiðum 87,8

Almennur rekstur samtals 115,5

Gjöld samtals 115,5

Sértekjur:

Sértekjur -24,4

Gjöld umfram tekjur 91,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 91,1

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:

1.01 Almenn starfsemi..... -0,2

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -0,2

05-210 Sjóður til síldarrannsóknna

Almennur rekstur:

1.10 Sjóður til síldarrannsóknna 135,8

m.kr.

Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing.....	135,8

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn.....	0,6
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing.....	0,6

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	232,3
Greitt úr ríkissjóði.....	96,1
Innheimt af ríkistekjum.....	0,0
Viðskiptahreyfingar	136,2

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**06-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:

1.10 Fastanefndir 3,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 3,1

06-333 Umferðarstofa

Almennur rekstur:

1.01 Umferðarstofa 16,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 16,0

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:

1.10 Málskostnaður í opinberum málum 76,4

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing 76,4

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Sértekjur:

Sértekjur 6,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 6,9

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Viðhaldsverkefni:

5.01 Viðhald -4,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði -4,6

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:

6.10 Stofnframkvæmdir 4,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 4,6

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 102,4**Greitt úr ríkissjóði 26,0****Innheimt af ríkistekjum 0,0****Viðskiptahreyfingar 76,4**

07 Félagsmálaráðuneyti**07-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:

1.11 Fjölskylduráð	-1,6
1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu.....	-0,3
1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	-1,8
1.23 Framkvæmdáætlun um jafnréttismál	-1,5
Almennur rekstur samtals	-5,2

Gjöld samtals **-5,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði

-5,2

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur

-19,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði

-19,0

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur

-7,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði

-7,1

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur

-4,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði

-4,8

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:

1.10 Svæðisráð.....

-0,6

m.kr.

1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða .	-0,2
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða.....	0,9
Almennur rekstur samtals	0,1
Gjöld samtals	0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1
07-711 Styrktarfélag vangefinna	
Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna.....	-17,8
Sértekjur:	
Sértekjur	30,8
Gjöld umfram tekjur	13,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,0
07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	
Stofnkostnaður:	
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	19,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,3
07-980 Vinnumálastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn.....	100,0
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit.....	-5,6
Almennur rekstur samtals	94,4
Gjöld samtals	94,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,6
Viðskiptahreyfing.....	100,0

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmislegt.....	5,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,6
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	96,3
Greitt úr ríkissjóði.....	-3,7
Innheimt af ríkistekjum.....	0,0
Viðskiptahreyfingar	100,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**08-204 Lífeyristryggingar**

Almennur rekstur:

1.91 Annað..... 0,5

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 0,5

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:

1.30 Slysavarnaráð..... 27,1

Sértekjur:

Sértekjur 8,7

Gjöld umfram tekjur 35,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 35,8

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:

1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús -42,6

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -42,6

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 78,8

Stofnkostnaður:

6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar -12,7

Gjöld samtals 66,1

Sértekjur:

Sértekjur -54,0

Gjöld umfram tekjur 12,1

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,1
08-405 Hrafnista, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	8,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,3
08-407 Grund, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
08-418 Seljahlíð, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	32,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,9
08-419 Sólvangur, Hafnarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	4,3
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing	4,3
08-423 Höfði, Akranesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	41,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,5

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:

1.01 Hjúkrunarrými 20,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 20,9

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:

1.01 Hjúkrunarrými 4,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 4,5

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:

1.01 Hjúkrunarrými 3,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 3,6

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:

1.01 Hjúkrunarrými 7,2

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 7,2

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:

1.01 Hjúkrunarrými 31,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 31,8

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:

1.01 Hjúkrunarrými 7,8

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,8
08-474 MS-félag Íslands, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	38,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,3
08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	
Almennur rekstur:	
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu.....	24,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,8
08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	-1,1
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing.....	-1,1
08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	
Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	-1,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing.....	-1,0

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið -5,0

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -5,0

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið -5,6

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -5,6

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur..... 244,0**Greitt úr ríkissjóði..... 294,5****Innheimt af ríkistekjum..... 0,0****Viðskiptahreyfingar -50,5**

09 Fjármálaráðuneyti**09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn..... 0,8

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 0,8

09-201 Ríkisskattstjóri

Stofnkostnaður:

6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi -6,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði -6,0

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Stofnkostnaður:

6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið 6,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:

1.10 Ýmis innheimtukostnaður..... 80,2

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 80,2

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:

1.01 Ríkiskaup 5,7

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 5,7

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Lánasýsla ríkisins..... 9,0

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 9,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:

5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga..... 4,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 4,5

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:

1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir
ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni -3,3

1.15 Kjararannsóknir 2,2

1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga..... -0,6

1.45 Ýmsar nefndir 14,6

1.65 Kjaranefnd 34,4

1.66 Yfirfasteignamatnefnd..... 5,7

Almennur rekstur samtals 53,0

Gjöld samtals 53,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 53,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur..... 153,2**Greitt úr ríkissjóði..... 57,5****Innheimt af ríkistekjum..... 0,0****Viðskiptahreyfingar 95,7**

10 Samgönguráðuneyti**10-211 Vegagerðin**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn..... 320,0

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa 205,3

Almennur rekstur samtals 525,3

Gjöld samtals 525,3

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 525,3

10-336 Hafnabótasjóður

Stofnkostnaður:

6.70 Hafnamannvirki 320,3

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 320,3

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:

1.01 Flugmálastjórn 8,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 8,5

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:

1.01 Ferðamálaráð -0,1

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -0,1

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur..... 854,0**Greitt úr ríkissjóði..... 8,5****Innheimt af ríkistekjum..... 0,0****Viðskiptahreyfingar 845,5**

11 Iðnaðarráðuneyti**11-201 Iðntæknistofnun Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Iðntæknistofnun Íslands..... -0,1

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -0,1

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:

1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins..... 7,4

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 7,4

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn..... -0,3

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... -0,3

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	7,0
Greitt úr ríkissjóði.....	0,0
Innheimt af ríkistekjum.....	0,0
Viðskiptahreyfingar	7,0

12 Viðskiptaráðuneyti**12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn..... 1,6

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 1,6

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:

1.01 Löggildingarstofa..... 1,2

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 1,2

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 2,8**Greitt úr rikissjóði..... 0,0****Innheimt af ríkistekjum..... 0,0****Viðskiptahreyfingar 2,8**

14 Umhverfisráðuneyti**14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn..... -0,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði -0,7

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.23 Ýmis umhverfisverkefni 0,7

1.35 Umhverfissvöktun 0,2

Almennur rekstur samtals 0,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 0,7

Viðskiptahreyfing..... 0,2

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:

1.01 Umhverfisstofnun 0,5

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfing..... 0,5

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur..... 0,7**Greitt úr ríkissjóði..... 0,0****Innheimt af ríkistekjum..... 0,0****Viðskiptahreyfingar 0,7***Gjört í Reykjavík, 24. maí 2005.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á ýmsum lögum á orkusviði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

1. gr.

80. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, með síðari breytingum.

2. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 159/2002, um stofnun hlutafélags um Norðurorku, með síðari breytingum.

3. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, með síðari breytingum.

4. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

5. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

6. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

7. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 2005.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 34. gr. laganna kemur ný grein, 34. gr. a, er orðast svo:

Markaðstorg.

Þrátt fyrir ákvæði 34. gr. getur Fjármálaeftirlitið veitt fjármálafyrirtæki sem hefur leyfi til verðbréfavíðskipta eða skipulegum verðbréfamarkaði starfsleyfi til að starfrækja markaðstorg þar sem fram fari kerfisbundin víðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í stjórn markaðstorgs skulu vera eigi færri en þrjú stjórnarmenn og ber hún ábyrgð á því að starfsemi þess fari fram á öruggan og hagkvæman hátt.

Stjórn markaðstorgs ber ábyrgð á því að settar séu reglur:

1. sem tryggja nauðsynlegan aðgang að upplýsinga- og víðskiptakerfum fyrir verðbréf sem þar eru keypt og seld,
2. sem tryggja að víðskipti á markaðstorginu eigi sér stað með skýrum og gagnsægjum hætti í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglna settra samkvæmt þeim og að gætt sé jafnræðis allra aðila að víðskiptum á markaðstorginu,
3. sem tryggja að nægjanlegt eftirlit sé með því að útgefendur verðbréfa og aðilar að markaðstorgi starfi eftir lögum og reglum, svo og samþykktum sem um það gilda,
4. sem tryggja að tilkynnt sé um brot á lögum og reglum, svo og samþykktum sem um markaðstorgið gilda, og að nauðsynlegar upplýsingar þar um berist lögbæru yfirvaldi,
5. um skilyrði þess að hefja megi víðskipti með verðbréf á markaðstorginu, svo og um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og hluthafa, svo að aðilar að því geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun,
6. um skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta orðið aðili að markaðstorginu,
7. um skýrslugjöf vegna víðskipta í upplýsingaskyni,
8. um skipulegt víðskipta- og upplýsingakerfi og uppgjör víðskipta sem þar eiga sér stað; í þeim skal kveðið á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um víðskipti með verðbréf sem þar er verslað með, hvort sem víðskiptin eiga sér stað í víðskiptakerfinu eða utan þess.

Ákvæði VIII.–XI. kafla laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003, gilda um víðskipti með verðbréf á markaðstorgi.

Áður en markaðsaðili má hefja víðskipti á markaðstorgi skal hann undirrita skriflegan aðildarsamning. Brjótí markaðsaðili ítrekað eða með vítaverðum hætti skilyrði þau sem sett eru fyrir aðild að markaðinum er heimilt að afturkalla aðildina.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi markaðstorgs og hefur við það eftirlit allar heimildir XI. kafla þessara laga. Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi markaðstorgs að uppfylltum ákvæðum XII. kafla þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Ákvæði til bráðbirgða.

Fram til 1. júlí 2006 er útgefendum, sem eru með skráð verðbréf í kauphöll við gildistöku laga þessara, óheimilt að versla með verðbréf sín á markaðstorgi. Stjórn kauphallar er heimilt að veita undanþágu frá þessu banni þjóni það hagsmunum fjárfesta.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2005.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins. Söluandvirði sjóðsins, að frádrögnum kostnaði við sölu og niðurlagningu hans, rennur til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, falla úr gildi frá og með 31. desember 2005. Störf starfsmanna Lánasjóðs landbúnaðarins falla niður frá og með sama tíma og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þegar lög nr. 68/1997 falla úr gildi tekur ríkissjóður við öllum réttindum og skyldum sjóðsins gagnvart einstaklingum og lögaðilum.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

- a. Orðin „Lánasjóði landbúnaðarins (áður Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands)“ í 43. gr. og „Lánasjóði landbúnaðarins“ í 47. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, falla brott.
- b. 100. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, fellur brott.
- c. Lokamálsliður 28. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt, orðast svo: Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Lífeyrissjóður bænda reiknar af lánum hverju sinni.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

sankvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. 3. og 4. másl. orðast svo: Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 6.219 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 130 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8). Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 1.007 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 40 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8).
- b. Í stað orðanna „180 þús. lesta“ í 8. másl. kemur: 220 þús. lesta.
- c. Í stað orðanna „240 þús. lesta“ í 9. másl. kemur: 260 þús. lesta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 2005.***Valgerður Sverrisdóttir.****Halldór Blöndal.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.**

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við löginn bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr laga þessara skal fjárhæð olúgjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2005.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við löginn bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (IX.)

Í stað þess að öðru gjaldtímabili þungaskatts skv. B-lið 7. gr. ljúki 10. júní 2005 skal því ljúka 30. júní 2005. Eigandi eða umráðamaður ökutækis skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki sitt til álestraraðila á tímabilinu frá 15. júní til 30. júní 2005 og láta lesa af öku-mæli og skrá stöðu hans.

Gjalddagi þungaskatts skv. 1. mgr. er 1. júlí 2005 og eindagi er 15. ágúst 2005.

Sé lesið af öku-mæli ökutækis sem er undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd, eða öku-mæli bifreiðar sem ætluð er til fólksflutninga, á tímabilinu 15. til og með 29. júní skal akstur ökutækisins áætlaður frá álestrardegi til loka álestrartímabils. Aksturinn skal áætlaður þannig að reiknað er út meðaltal ekinna kílómetra á dag á milli álestra og það margfaldað með fjölda þeirra daga er eftir eru af álestrartímabilinu.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af öku-mæli þess á álestrartímabilinu gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr.

b. (X.)

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skulu senda tollstjóra upplýsingar um birgðir af olíu sem fellur undir gildissvið þeirra laga og er í þeirra eigu eða vörslu 1. júlí 2005. Í þeim upplýsingum skal koma fram hve mikið af birgðum er á innlendum birgða- og sölustöðum. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skulu berast tollstjóra eigi síðar en 1. ágúst 2005.

Aðilar sem ekki eru gjaldskyldir skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skulu senda tollstjóra upplýsingar um birgðir af olíu sem fellur undir gildissvið þeirra laga og er í þeirra eigu eða vörslu 1. júlí 2005 ef þær eru yfir 5.000 lítrum. Þeim aðilum ber að greiða olíugjald af heildarbirgðum sínum í samræmi við ákvæði þeirra laga. Eiganda eða umráðamanni birgða skal skylt að aðstoða við birgðakönnun óski tollstjóri slíkrar aðstoðar. Tollstjóri getur krafist upplýsinga frá innflytjendum og seljendum gas- og dísilolíu um sölu til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 2005. Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari málsgrein skulu skila olíugjaldi til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en 15. ágúst 2005.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., gildir ákvæði þetta þar til staðin hafa verið skil á olíugjaldi af þeim gjaldskyldu birgðum sem eru í landinu 1. júlí 2005, í samræmi við 2. mgr.

c. (XI.)

Þrátt fyrir 24. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skal ákvæði til bráðabirgða I, sbr. lög nr. 59/1994, gilda til 1. janúar 2006.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2005“ í ákvæði X til bráðabirgða í lögnum kemur: 31. desember 2006.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af vetnisbifreiðum, svo og sérhæfðum varahlutum í þær, sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimild þessi nær eingöngu til vetnisbifreiða sem hafa í för með sér hverfandi mengun og gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

3. gr.

3. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað upphæðarinnar „120.000“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII í lögnum kemur: 240.000.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Undanþága þessi gildir til 31. desember 2008.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

IV. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða toll af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

V. KAFLI

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um skipan ferðamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og mannlífi. Þjóðhagsleg hagkvæmni, menning þjóðarinnar, umhverfisvernd, fagmennska og neytendavernd verði höfð að leiðarljósi.

2. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Ferðamálastofa fer með framkvæmd ferðamála samkvæmt lögum þessum og eins og henni er falið með öðrum lögum.

Samgönguráðherra skipar ferðamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Ferðamálastofu forstöðu. Ferðamálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

4. gr.

Verkefni Ferðamálastofu eru einkum:

1. Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt.
2. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf.
3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Ferðamálastofu og einstök verkefni hennar.

Ferðamálastofu er heimilt með samþykki ráðherra að fela öðrum að annast ákveðin verkefni og vera aðili að samstarfsverkefnum, þar á meðal eiga eignarhluta í fyrirtækjum sem starfa á ákveðnum sviðum.

5. gr.

Ráðherra skipar ferðamálaráð. Í ferðamálaráði skulu eiga sæti tíu fulltrúar. Skulu formaður og varaformaður skipaðir af ráðherra án tilnefningar en aðra fulltrúa skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinnna: Samtaka ferðaþjónustunnar sem tilnefna þrjá fulltrúa, Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tilnefnir tvo fulltrúa, Ferðamálasamtaka Íslands sem tilnefna tvo fulltrúa og Útflutningsráðs Íslands sem tilnefnir einn. Skipunartími ferðamálaráðs skal vera fjögur ár en skipunartími formanns og varaformanns skal þó takmarkaður við embættistíma ráðherra.

Ferðamálastjóri og fulltrúi ráðuneytisins sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Ferðamálaráð gerir, árlega eða oftar, tillögu til ráðherra um markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustunnar. Jafnframt skal ferðamálaráð vera ráðherra til ráðgjafar um áætlanir í ferðamálum. Ferðamálaráð skal veita umsagnir um breytingar á lögum og reglum er varða ferðamál og annað sem ráðherra felur því eða ráðið telur ástæðu til að taka upp í þágu ferðaþjónustunnar.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi ferðamálaráðs.

II. KAFLI

Orðskýringar.

7. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Ferðaskipuleggjandi* merkir í lögum þessum aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili sem, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, setur saman, býður fram og selur í atvinnuskyni eftirfarandi ferðatengda þjónustu fyrir almenning:
 - a. Skipulagningu og sölu ferða til hópa og einstaklinga og skipulagningu á ferðum, dvöl, afþreyingu og frístundaiðju, innan lands og erlendis.
 - b. Skipulagningu funda, sýninga og ráðstefna og hvers kyns þjónustu því tengda, innan lands sem utan.
 - c. Hvers konar umboðs- og endursölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
 - d. Afþreyingu, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum.
 - e. Ferðir og veitingar sem hluta af veittri þjónustu.
2. *Ferðaskrifstofa* merkir í lögum þessum aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, sem setur saman, býður fram og selur alferðir í atvinnuskyni, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, innan lands eða erlendis.

Ferðaskrifstofa getur jafnframt haft með höndum og veitt alla þá ferðatengdu þjónustu sem ferðaskipuleggjandi gerir, hvort sem hún er veitt í formi alferða eða ekki.

Hugtakið ferðaskrifstofa nær bæði til ferðaheildsala og ferðasmásala samkvæmt lögum nr. 80/1994, um alferðir.
3. *Bókunarþjónusta* merkir í lögum þessum starfræksla hvers kyns bókunarþjónustu til almennings, fyrir ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur, hvort sem er innan lands eða erlendis, þar með talin rafræn bókunarþjónusta.
4. *Upplýsingamiðstöð* merkir í lögum þessum aðili sem stundar hlutlausa upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingamiðstöð hvorki setur saman, býður til sölu né auglýsir ferðir eða aðra ferðatengda starfsemi.
5. *Alferð* merkir í lögum þessum fyrirframákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirtalinna atriða: flutnings, gistingar og/eða annarrar þjónustu við viðskiptavin sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tengd ferðinni tekur til a.m.k. 24 klst. eða í henni er falin gisting. Það telst alferð þótt reikningar séu gerðir sérstaklega fyrir hvern hluta ferðar og greitt sé fyrir ferð í hlutum.
6. *Leyfisskyld starfsemi* er öll starfsemi og þjónusta ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu sem fellur undir skilgreiningu laganna, hvort sem hún er innt af hendi af einstaklingi, fyrirtæki eða félagi.

7. *Skráningarskyld starfsemi* samkvæmt lögum þessum er öll starfsemi bókonarþjónustu og upplýsingamiðstöðva, hvort sem starfsemin er innt af hendi af einstaklingi, fyrirtæki eða félagi.
8. *Viðskiptavinur* samkvæmt lögum þessum getur verið hvort sem er einstaklingur, fyrirtæki, félag eða stofnun.

III. KAFLI

Ferðaskipuleggjanda- og ferðaskrifstofuleyfi.

8. gr.

Hver sá sem hyggst starfa sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa skal hafa til þess leyfi Ferðamálastofu. Leyfisbréf skal gefið út af Ferðamálastofu og skal leyfishafi hafa það sýnilegt fyrir viðskiptavini á starfsstöð sinni.

Ferðamálastofa skal eiga myndrænt auðkenni sem leyfishafi fær heimild til að nota við útgáfu leyfis. Auðkenni þetta skal leyfishafi nota í hvers kyns auglýsingum um starfsemi sína og á heimasíðu sinni.

Leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu er ótímabundið.

Þeim einum er heimilt að hafa orðið ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa í nafni starfsemi sinnar sem hlotið hefur leyfi samkvæmt lögum þessum.

Starfsemi ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu skal rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði ef þjónusta er einungis rekin á rafrænan hátt og skal leyfishafi uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, um það sem koma skal fram á heimasíðu.

Heimilt er að reka útibú frá ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu á grundvelli leyfisins og skal forsvarsmáður útibús einnig fullnægja skilyrðum 9. gr.

Ferðamálastofa skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti, svo sem á heimasíðu sinni. Jafnframt skal auglýsa á heimasíðu brottfall leyfa.

Ferðamálastofa ákveður hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.

9. gr.

Sækja skal um leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu til Ferðamálastofu að minnsta kosti tveimur mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi skal hefjast.

Til að öðlast leyfi þarf umsækjandi eða forsvarsmáður umsækjanda, ef hann er lögaðili, að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. hafa búsetu á Íslandi,
- b. hafa náð 20 ára aldri,
- c. vera lögráða og hafa ekki á síðustu fjórum árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknáð samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld né lögum þessum,
- d. hafa forræði á búi sínu,
- e. hafa ekki verið sviptur ferðaskipuleggjanda- eða ferðaskrifstofuleyfi á síðustu þremur árum frá umsókn.

Staðfestingu á tryggingu skv. V. kafla skal leggja fram áður en starfsleyfi til reksturs ferðaskrifstofu er veitt.

Í umsókn um leyfi skal koma fram heiti ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu og skal geta um öll hjáheiti sem aðili hyggst nota í starfsemi sinni. Óheimilt er að reka starfsemina undir öðrum heitum en þeim sem leyfi hljóðar um.

Heimilt er að bæta hjáheitum við þegar fengið leyfi með sérstakri umsókn frá leyfishafa til Ferðamálastofu sem þá skal gefa út nýtt leyfisbréf, án gjalds.

Erlendur ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa sem hyggst opna starfsstöð á Íslandi skal sækja um leyfi og leggja fram skirteini um tryggingu eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Leyfishafa er heimilt að leggja leyfið inn til Ferðamálastofu en ferðaskrifstofu er óheimilt að segja upp tryggingu sinni samkvæmt lögum þessum fyrr en að fenginni staðfestingu Ferðamálastofu á innlögn leyfisins.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um umsóknir um leyfi og framkvæmd leyfisveitinga.

IV. KAFLI

Skráningarskyld starfsemi.

11. gr.

Hver sá sem hyggst stunda starfsemi sem er skráningarskyld samkvæmt lögum þessum skal senda skriflega tilkynningu þess efnis til Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa gefur út skirteini til staðfestingar á að starfsemi hafi verið tilkynnt og uppfylli ákvæði laga þessara um tilkynningarskyldu.

Ferðamálastofa skal halda skrá yfir skráningarskylda aðila sem tilkynnt hafa um starfsemi og birta hana með aðgengilegum hætti, svo sem á heimasíðu sinni.

12. gr.

Þeim einum er heimilt að nota heitin bókunarþjónusta og upplýsingamiðstöð í nafni starfsemi er undir þessi lög fellur sem hefur fengið útgefið skirteini samkvæmt lögum þessum.

Skráðir aðilar hafa heimild til að nota myndrænt auðkenni Ferðamálastofu.

Upplýsingamiðstöðvar sem njóta opinbers fjárstuðnings skulu halda þeim þætti starfseminnar fjárhagslega aðskildum frá öðrum þáttum starfseminnar, svo sem bókunarþjónustu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um bókhald og fjárhagslegan aðskilnað þjónustu sem nýtur opinbers fjárstuðnings og annars reksturs.

13. gr.

Í tilkynningu til Ferðamálastofu um skráningarskylda starfsemi skal koma fram eftirfarandi eftir því sem við á:

- a. Nafn starfseminnar, kennitala, heimili, símanúmer og netfang.
- b. Nafn og kennitala forráðamanns.
- c. Rekstrarfyrirkomulag.
- d. Ítarleg lýsing á starfsemi.
- e. Hvort og þá hvaða opinberra styrkja starfsemin nýtur.
- f. Opnunartími starfsstöðvar.

Ferðamálastofu er heimilt að fella skráðan aðila af skrá ef hinni skráðu starfsemi hefur verið hætt eða starfsemi er útvíkuð þannig að hún falli undir skilgreiningu á ferðaskipu-

leggjanda eða ferðaskrifstofu. Ferðamálastofa úrskurðar ef ágreiningur ris um til hvaða flokks starfsemi heyrir.

V. KAFLI

Tryggingarskylda vegna alferða.

14. gr.

Tryggingarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er sala alferða.

Ferðaskrifstofa skal hafa tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar sem enn er ófarin og til heimflutnings viðskiptavinar úr alferð, hvort sem hann er innan lands eða erlendis, komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu. Trygging skal einnig ná til þess að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflega áætlun hennar.

Trygging skv. 2. mgr. getur verið:

- a. Fé sem lagt er inn í viðurkenndan banka eða sparisjóð í nafni Ferðamálastofu, sbr. 17. gr.
- b. Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða váttrygging hjá váttryggingafélagi. Skulu þessir aðilar hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeir skulu jafnframt leggja fram yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð tryggingarinnar sé í samræmi við lög þessi.
- c. Önnur trygging sem Ferðamálastofa metur sambærilega. Leggja skal fram yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð slíkrar tryggingar sé í samræmi við lög þessi.

15. gr.

Trygging skv. 14. gr. skal gilda á meðan leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er í gildi. Trygging skal vera tiltæk í allt að sex mánuði eftir brottfall leyfis skv. 21. gr. eða eftir að starfsemi er hætt.

16. gr.

Þeim viðskiptavinum ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það sem viðskiptavinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrirframákveðna alferð, hvort sem um flutning, gistingu eða aðra fyrirframgreidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af tryggingarfé svo að honum sé kleift að ljúka ferð sinni. Ekki er hins vegar skylt að greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrirframákveðinnar alferðar.

Viðskiptavinur sem hefur greitt inn á alferð hjá ferðaskrifstofu skal fá endurgreitt það fé sem hann hefur greitt, hvort sem endanlegur samningur um alferðina hefur komist á eða ekki, enda leggi hann fram fullnægjandi sönnunargögn um innaborgunina.

Þeir sem hafa greitt alferð að hluta eða öllu leyti en ekki hafið ferð skulu fá endurgreitt það fé sem þeir hafa þegar greitt.

Hafi tryggingarfé verið notað til að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflegan samning eru frekari kröfur ekki teknar til greina.

Þegar um heimflutning farþega er að ræða fyrir milligöngu Ferðamálastofu vegna rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu, áður en alferð er lokið, skal aðeins greiddur sá hluti alferðarinnar er viðskiptavini tókst ekki að ljúka.

Einungis beint fjárhagslegt tjón af alferð skal greitt af tryggingarfé ferðaskrifstofu en ekkert tjón sem rekja má til hugsanlegra óþæginda eða miska.

17. gr.

Fjárhæð tryggingar skv. 14. gr. skal ákvörðuð samkvæmt einum eftirfarandi liða og skal sú niðurstaða gilda sem gefur hæsta tryggingu:

- a. 60% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð,
- b. 35% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð eða
- c. 15% af heildarveltu á ári.

Trygging skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 1 millj. kr.

Samgönguráðherra skal setja reglur um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa til að aðskilja sölu alferða frá annarri starfsemi og til að nauðsynlegar upplýsingar við mat á tryggingarfjárhæð liggja fyrir.

Ferðamálastofu er heimilt að krefjast hærri tryggingar í þeim tilfellum þegar um sérstaklega áhættusaman rekstur er að ræða eða að öðru leyti er ljóst að trygging samkvæmt lögum þessum mun ekki nægja komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu.

18. gr.

Til að unnt sé að meta upphæð tryggingar skal umsækjandi um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu leggja fram með umsókn ítarlega áætlun um rekstur, greiðslustreymi og efnahag fyrir yfirstandandi og næsta ár. Áætluninni skal vera skipt á mánuði og áætluð tryggingarskyld velta sérgreind. Áætluninni skal fylgja staðfesting endurskoðanda á að hún sé rétt miðað við gefnar forsendur.

Ferðamálastofa leggur mat á forsendur áætlunarinnar og er heimilt að óska eftir samningum og öðrum frekari gögnum sem stofnunin telur nauðsynleg til mats á áætluninni. Ferðamálastofa leggur mat á fjárhæð tryggingar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, en áður skal leita umsagnar löggilts endurskoðanda.

Ferðaskrifstofur skulu fyrir 30. apríl ár hvert senda Ferðamálastofu endurskoðaðan ársreikning og önnur gögn sem áskilin eru í reglum, sbr. 2. mgr. 17. gr., auk áætlunar um fyrirhuguð umsvif á starfsárinu. Ferðamálastofa tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga um hvort þörf sé á breytingu á tryggingarfjárhæð að fenginni umsógn löggilts endurskoðanda.

Ferðamálastofu er heimilt að taka gjöld af ferðaskrifstofum sem renna til Ferðamálastofu til að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum þessum. Fjárhæð gjaldanna skal koma fram í reglum sem samgönguráðherra setur skv. 2. mgr. 17. gr. að fengnum tillögum Ferðamálastofu. Gjöldin skulu standa undir kostnaði af bókhaldsrannsóknnum og öðru því sem nauðsynlegt er til að sannreyna fjárhæð tryggingar á hverjum tíma.

19. gr.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

27. gr.

Í stað orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. og orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna í 7.–10. gr. og 15., 16. og 19. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

28. gr.

Í stað orðanna „yfirdýralæknir eða fulltrúi hans“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun eða fulltrúi hennar.

29. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

30. gr.

3. másl. 4. gr. laganna orðast svo: Skrána skal uppfæra árlega og senda fyrir 15. janúar ár hvert búnaðarsamböndum, héraðsdýralæknum og Landbúnaðarstofnun og skal stofnunin halda heildarskrá fyrir allt landið.

31. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtökum Íslands“ í 11. gr. og tvívegis í 1. mgr. 13. gr. laganna, og orðsins „Bændasamtökin“ í 1. mgr. 13. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

32. gr.

2. og 3. másl. 12. gr. laganna orðast svo: Búfjäreftirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár, fódrun og merkingum og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað, fódrun og/eða merkingar búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjäreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

33. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 1. og 5. mgr. 16. gr. og 3. tölul. 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

34. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands skulu“ í 1. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun skal.

35. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands“ í 2. mgr. 38. gr. laganna og sömu orða í 4. mgr. 39. gr., a-lið 1. mgr. 42. gr., 1. másl. 2. mgr. 44. gr., 3. mgr. 53. gr., 2. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 82. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

36. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands tilkynna“ í 3. másl. 2. mgr. 44. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun tilkynnir.

37. gr.

2. másl. 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Í nefndinni eiga sæti þrír menn skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir samkvæmt tilnefningu Landbúnaðarháskóla Íslands.

38. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 3. mgr. 67. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

39. gr.

Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 3. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum, og orðanna „embættis veiðimálastjóra“ í 11. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 72. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

40. gr.

2. másl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Öllum veiðieigendum er skylt að gefa henni þær skýrslur sem óskað er eftir um þau atriði sem skrásetja þarf.

41. gr.

1. másl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd er Landbúnaðarstofnun setur og skal hún sjá um að þeir aðilar sem skýrslur eiga að gefa geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis.

42. gr.

Í stað orðsins „hann“ í 2. mgr. 19. gr. laganna og sama orðs í 20. gr., 21. gr., 9. mgr. 23. gr., 3. mgr. 27. gr., 2. og 4. mgr. 30. gr., 1. mgr. 39. gr., 3. másl. 1. mgr. 41. gr., 1. másl. 4. mgr. 62. gr., 1.–3. mgr. 97. gr. og tvisvar í 1. mgr. 99. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: hún.

43. gr.

1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisk-sjúkdómanefnd. Í henni eiga sæti yfirdýralæknir sem er formaður nefndarinnar og auk hans einn fulltrúi Landbúnaðarstofnunar, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði for-manns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

44. gr.

1. mgr. 90. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarstofnun fer með umsjón veiðimála og er ráðherra til aðstoðar um þau mál sem kveðið er á um í lögum þessum. Landbúnaðarstofnun gerir tillögur um setningu reglugerða og önnur ákvæði sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskrækt, fiskeldi eða veiði og gefur leyfi til merkinga vatnafiska með skilyrðum sem stofnunin setur. Landbúnaðarstofnun ber ábyrgð á söfnun og útgáfu skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi. Landbúnaðarstofnun veitir eftirlitsmönnum starfsleyfi og setur þeim erindisbréf.

45. gr.

1., 2. og 3. mgr. 96. gr. laganna orðast svo:

1. Landbúnaðarstofnun veitir eftirlitsmönnum starfsleyfi til að fylgjast með veiði þar sem þurfa þykir enda æski veiðifélag þess, eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt veitir Landbúnaðarstofnun eftirlitsmanni með klaköflun starfsleyfi þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

2. Rétt er Landbúnaðarstofnun að veita eftirlitsmönnum starfsleyfi til að fylgjast með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í starfsleyfi.

46. gr.

2. másl. 3. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Landbúnaðarstofnun og faggiltir eftirlitsaðilar skulu bundin þagnarskyldu um upplýsingar sem þau fá við framkvæmd eftirlits.

XII. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands
í meinafræði að Keldum.**

47. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ þrívægis í 2. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XIII. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994.

48. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknir“ í 2. mgr. 1. gr. laganna og sama orðs í 4. mgr. 11. gr., 6. mgr. 33. gr. og 5. mgr. 43. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995.

49. gr.

Í stað orðsins „Yfirdýralæknir“ í 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 15/1994, um dýravernd.

50. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XVI. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

51. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna og orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir.

52. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

53. gr.

12. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Yfirdýralæknir.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.

54. gr.

Í stað orðanna „embætti yfirdýralæknis“ og „yfirdýralæknis“ í 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XX. KAFLI

Gildistaka.

55. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem heimilisfastir eru hér á landi.
- b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skráðum hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum.
- c. Orðin „enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt“ í 2. tölul. 1. mgr. falla brott.
- d. 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. fellur brott.
- e. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
Lögaðili sky. 1. mgr. telst eiga hér heimili ef hann er skráður hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Samgönguráðherra leggur á þriggja ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun sem leggur grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með beitingu fjarskipta- og upplýsingatækni. Í fjarskiptaáætlun skal skilgreina markmið stjórnvalda sem stefna skuli að og gera grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir næstu sex ár. Þá skal í fjarskiptaáætlun meta og taka tillit til þarfa annarra þátta samfélagsins fyrir bætt fjarskipti.

Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

- a. ná fram viðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og samgönguráðuneytisins um stefnumótun í fjarskiptamálum,
- b. auka samkeppnishæfni Íslands og samkeppni á fjarskiptamarkaði,
- c. stuðla að framþróun atvinnulífs á sviðum sem tengjast fjarskiptum,
- d. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,
- e. ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
- f. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn.

Við gerð fjarskiptaáætlunar skal taka mið af því að fjármunir nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf á úrbótum í landinu í heild og í einstökum landshlutum. Áætlun um fjáröflun og útgjöld fjarskiptaáætlunar skal skipt á tvö þriggja ára tímabil og hana skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Samgönguráðherra skipar fjarskiptaráð til þriggja ára í senn og er hlutverk þess m.a.:

- a. að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila um bætt fjarskipti,
- b. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um fjarskiptamál,
- c. að veita ráðuneytinu umsagnir um fjarskiptamál, breytingar á löggjöf, stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda og fjarskiptaáætlun,
- d. að beita sér fyrir samvinnu við þá aðila, félög og samtök er um fjarskiptamál og öryggi fjalla,
- e. annað sem ráðherra felur því.

Samgönguráðherra skipar tvo fulltrúa í fjarskiptaráð án tilnefningar. Skal annar vera formaður en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í ráðinu skipar ráðherra úr hópi helstu hagsmunaaðila eftir tilnefningu í samræmi við reglur sem hann setur þar um.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki skulu án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar löglegrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum eða fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptafyrirtækjum sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk í aðgangi og upphafi símtala í almennum talsíma- eða farsímanetum ber að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að búnaði til að fullnægja skyldu skv. 6. mgr. Gjöld fyrir aðgang skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem ákveður hvort aðgangur skuli veittur og á hvaða verði.

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu getur það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Við útreikninga á kostnaði við alþjónustu skal m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Nánar skal kveðið á um útreikninga á kostnaði við alþjónustu í reglugerð um alþjónustu, sbr. 20. gr.

4. gr.

5. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla þeirra laga.

5. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvörðun um reikisamning skv. 3. mgr. verður ekki beitt til aðgangs að GSM-farsímastöð sem sett er upp til viðbótar útbreiðslu farsímanets fyrr en tveimur árum eftir að hún er tekin í notkun.

6. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki sem býður internetþjónustu er skylt að gera áskrifendum sínum, þeim að kostnaðarlausu og ef þeir þess óska, sýnilegt hvenær þeir eru að greiða fyrir gagnaflutning erlendis frá.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki, í þágu rannsókna opinberra mála og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notandanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, dagsetningar þeirra, hverjum var tengst og magn gagnaflutnings til viðkomandi notanda. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu eða ákærvaldi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 47. gr. Eyða ber umferðargögnunum að þessum tíma liðnum enda sé ekki þörf fyrir þau á grundvelli 2. mgr.

- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja.

8. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og fjarskiptastofnun setur að öðru leyti reglur um skráningu notenda sem úthlutað hefur verið númerum í fastlínu- og farsímakerfum. Að því er varðar farsímakort, sem ekki eru skráð á nafn, er stofnuninni heimilt að setja reglur um skráningu þeirra í samstarfi við Neyðarlínu, lögreglu og farsímafyrirtæki í því skyni að stuðla að auknu öryggi við notkun farsíma.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 47. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fjarskiptafyrirtæki er þó rétt og skylt að veita lögreglu, í þágu rannsóknar opinbers máls, upplýsingar um hver sé skráður eigandi ákvæðins símanúmers og/eða eigandi eða notandi vistfangs (IP-tölu).
- b. Á eftir orðunum „um fjarskipti skal“ í lokamálslið kemur: að öðru leyti.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „skal leyfisbréfið“ í 3. másl. kemur: að jafnaði.
- b. Lokamálsliður orðast svo: Ekki þarf leyfisbréf fyrir lágafsbúnaði sem vinnur á samræmdum tíðnisviðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt að nota megi fyrir slíkan búnað.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Seljendum leyfisskylds þráðlauss búnaðar ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun hver sé kaupandi búnaðarins á því formi og með þeim hætti sem stofnunin samþykkir.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 5. mgr. koma þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Bannað er að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungs belti hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum.
- b. Í stað orðsins „sæstreng“ í 7. mgr. kemur: fjarskiptastreng.
- c. Í stað orðsins „sæstrengi“ í 8. mgr. kemur: fjarskiptastrengi.
- d. Í stað orðsins „sæstrengsins“ í 9. mgr. kemur: fjarskiptastrengsins.

12. gr.

Í stað orðanna „umtalsverða markaðshlutdeild“ í 11. tölul. 3. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: umtalsverðan markaðsstyrk.

Í stað orðanna „umtalsverða hlutdeild“ tvívegis í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umtalsverðan markaðsstyrk.

Í stað orðsins „markaðshlutdeildar“ í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: markaðsstyrks.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 5. gr. laga þessara gilda aðeins um GSM-farsímastöðvar sem settar eru upp eftir gildistöku laganna.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um uppboðsmarkaði sjávarafla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

Svipta má aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglugerð um starfsemi uppboðsmarkaða, sbr. 5. gr.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Leyfishafi:* Sá sem fengið hefur leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum til að starfrækja uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.
2. *Reiknistofa uppboðsmarkaða:* Aðili sem leyfishafi hefur falið að sjá um framkvæmd uppboða skv. 5. tölul. og þá starfsemi sem tilgreind er í 6. gr. Reiknistofa skal uppfylla þau skilyrði sem ráðherra setur með reglugerð skv. 5. gr.
3. *Uppboðsmarkaður:* Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsu uppboði. Uppboðsmarkaður getur jafnframt veitt aðra þjónustu sem tengist sölunni.
4. *Uppboðsstaður:* Staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla sem seldur verður á uppboði.
5. *Uppboðsstjóri:* Sá aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra til þeirra starfa. Leyfishafi hefur heimild til að fela reiknistofu uppboðsmarkaða að sjá um framkvæmd uppboðs.

3. gr.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
- b. Eru fjárráða.
- c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

4. gr.

Um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla gilda lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og reglur settar á grundvelli þeirra laga eftir því sem við á.

Um vigtun afla gilda ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra laga eftir því sem við á.

5. gr.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um útgáfu rekstrarleyfa og starfsemi uppboðsmarkaða, þar á meðal um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ráðherra setur jafnframt reglur um starfsemi reiknistofu uppboðsmarkaða.

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frá-dregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

Leyfishafa er heimilt að fela reiknistofu uppboðsmarkaða þann hluta starfsemi sinnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.

7. gr.

Um sjávarafra, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra, og skal hann hafa löggildingu til starfans.

Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.

Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

9. gr.

Með brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi og fangelsi allt að tveimur árum sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 123 28. desember 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG**um Landbúnaðarstofnun.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landbúnaðarstofnun. Aðsetur stofnunarinnar er þar sem ráðherra ákveður. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a. að annast starfsemi sem yfirdýralækni er falin samkvæmt lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 15/1994, um dýravernd, sóttvarnalögum, nr. 19/1997, lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lyfjalögum, nr. 93/1994, lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa,
- b. að annast starfsemi sem aðfangaeftirlitinu er falin samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr,

- c. að annast starfsemi sem landbúnaðarráðherra hefur falið plöntueftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands samkvæmt lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum,
- d. að annast starfsemi sem kjötmatsformanni er falin samkvæmt lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum,
- e. að annast starfsemi sem veiðimálastjóra er falin samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði,
- f. að annast starfsemi sem Bændasamtök Íslands hafa annast skv. 1. og 2. mgr. 38. gr., 4. mgr. 39. gr., a-lið 1. mgr. 42. gr., 2. mgr. 44. gr., 1. og 3. mgr. 53. gr., 2. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og 4. gr., 11. gr. og 13. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.,
- g. að annast verkefni sem landbúnaðarráðherra eru falin skv. 4. og 5. gr. laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af landbúnaðarráðherra til fimm ára í senn. Skál forstjóri hafa háskólamenntun. Hann skal jafnframt hafa öðlast stjórnunarreynslu. Forstjóri fer með yfirstjórn stofnunarinnar, mótast stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar.

4. gr.

Landbúnaðarstofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum. Forstjóri ræður sviðsstjóra yfir hvert svið og skulu þeir hafa aflað sér bæði háskólamenntunar og sérþekkingar á viðkomandi sviði. Þó skal landbúnaðarráðherra skipa sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fara skal með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Skál hann heyra undir forstjóra sem jafnframt setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin með lögum. Yfirdýralæknir skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 78/1935, um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs. Auk þess eru stofnanir aðfangaeftirlits, yfirdýralæknis og veiðimálastjóra lagðar niður en Landbúnaðarstofnun tekur við réttindum og skyldum þessara stofnana gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum. Við gildistöku laga þessara renna eignir aðfangaeftirlitsins, yfirdýralæknis og veiðimálastjóra til Landbúnaðarstofnunar. Að auki fellur skipun forstöðumanna þessara stofnana niður frá og með gildistöku laga þessara og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skipun kjötmatsformanns fellur niður frá og með sama tíma og fer um réttindi og skyldur hans samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Við gildistöku laga þessara renna eignir embættis kjötmatsformanns til Landbúnaðarstofnunar og tekur hún við réttindum og skyldum embættisins gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum. Eins fellur niður við gildistöku laga þessara skipun landbúnaðarráðherra í störf héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma

og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á sama tíma færast plöntueftirlit Landbúnaðarháskóla Íslands yfir til Landbúnaðarstofnunar.

Stjórnvaldsfyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt lögum sem nefnd eru í 2. gr. halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ný lög þar til ný stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið sett.

Leyfi sem gefin hafa verið út á grundvelli laga sem nefnd eru í 2. gr. halda gildi sínu þar til gildistími þeirra rennur út, þau uppfylla ekki lengur skilyrði laga, eða þar til ný leyfi eru útgefin.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Störf hjá aðfangaeftirlitinu, yfirdýralækni, veiðimálastjóra, kjötmatsformanni og plöntu-
eftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands eru lögð niður við gildistöku þessara laga. Starfsfólki framangreindra skulu boðin störf hjá Landbúnaðarstofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

II.

Þrátt fyrir 5. gr. skal forstjóri Landbúnaðarstofnunar skipaður frá 1. ágúst 2005 og skal hann frá þeim tíma undirbúa gildistöku laga þessara í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (sektarinnheimta).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

1. Ákærun, fyrirköll, kvaðningar og aðrar tilkynningar í opinberum málum skulu birtar af einum lögreglumanni eða öðrum starfsmanni lögreglustjóra, fangaverði eða öðrum starfsmanni Fangelsismálastofnunar eða stefnuvotti, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Birting á ákæru og fyrirkalli skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á ef þess er kostur, en ella lögmanni hans samkvæmt umboði eða öðrum lögráða manni sem hefur fengið skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Kvaðningar og aðrar tilkynningar má birta á heimili eða dvalarstað þess sem þeim er beint að ef hann hittist ekki sjálfur fyrir. Sá sem birtingu annast vottar hana með áritun á skjal. Þeim sem tekur við birtingu skal afhent endurrit af því skjali í heild sinni sem birt er.

2. Ef óvíst er um dvalarstað ákærða, en mál sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, má birta ákæru og fyrirkall í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stað og stund til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara.

3. Þegar birta þarf dóm skv. 3. mgr. 133. gr. skal hann birtur á dómþingi. Ef svo stendur á sem í 2. mgr. segir má þó birta dóm í Lögbirtingablaði.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 115. gr. a laganna kemur: 100.000 kr.

3. gr.

Á eftir 115. gr. a laganna kemur ný grein, 115. gr. b, sem orðast svo:

1. Nú stendur lögregla mann að broti sem hann gengst skýlaust við, skilyrði eru til að ljúka máli samkvæmt því sem segir í 115. gr. og lögregla telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr 60.000 kr. Getur þá lögregla ákveðið viðurlög við broti samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 115. gr. Lögregla gerir sakborningi ljós þau viðurlög sem við broti liggja og afleiðingar þess að sekt sé ekki greidd með því að afhenda honum skýrslu þar sem fram kemur stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það er framið, þau refsíákvæði sem það varðar við, hvaða sekt og vararefsing liggur við broti og að unnt sé að krefjast fjárnáms ef sekt greiðist ekki eða honum kunni að vera gert að afplána vararefsingu. Ef því er að skipta skal jafnframt kynna sakborningi og tiltaka í skýrslunni hversu mörgum punktum brotið varði samkvæmt reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Sakborningur undirritar skýrsluna og fær afhent afrit hennar. Lögregla getur boðið sakborningi að ljúka þegar máli með greiðslu sektar á vettvangi. Geri sakborningur það ekki skal honum settur tiltekinn frestur í skýrslunni til að greiða hana.

2. Sekt sem ákveðin er skv. 1. mgr. má fullnægja með aðför eftir því sem segir í 2. mgr. 115. gr.

4. gr.

3. mgr. 133. gr. laganna orðast svo:

3. Ákærði skal kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu héraðsdóms sé þess kostur. Sæki ákærði þing telst dómur birtur fyrir honum. Nú verður dómur ekki birtur á þann hátt á dómþingi og ákærða eru þar gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem svarar til hærri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar og skal þá ákær-andi birta honum dóm skv. 20. gr. Ella þarf ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 151. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Þegar annars er þörf á að birta dóm skal sá sem birtir annast þetta.
- b. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Ákærði skal lýsa yfir áfrýjun dóms í bréflegri tilkynningu til ríkissaksóknara innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, þegar birtingar hefur verið þörf skv. 3. mgr. 133. gr., en ella innan þess tíma frá uppkvaðningu hans.

6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal ef það á við kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað sem tiltekinn er með ákveðinni heildarfjárhæð í dómi. Þar af skal sérstaklega greina þóknun verjanda og réttargæslumanns með tiltekinni fjárhæð.

2. Ákærandi skal taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu og teljast til sakarkostnaðar. Skal það yfirlit lagt fram á dómþingi áður en mál er tekið til dóms.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara breytist 4. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 82/1998, þannig að á eftir orðinu „lögreglustjóra“ kemur: eða lögreglu-
manni.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum um verðbréfiðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „28. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: 24. gr.

2. gr.

Í stað „20. gr.“ í 23. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: 21. gr.

3. gr.

Í stað „28. gr.“ í 2. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: 29. gr.

4. gr.

Í stað „27. gr.“ tvívegis í 30. gr. og í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: 28. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „sem útgefandi skal setja sér samkvæmt ákvæði 51. gr.“ í 1. mgr. 63. gr. laganna kemur: sem útgefnar eru skv. 67. gr.

6. gr.

Í stað „49. gr.“ í 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: 65. gr.

7. gr.

Í stað „32. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. 75. gr. laganna kemur: 28. gr.

8. gr.

Í 76. gr. laganna breytast tilvísanir á svofelldan hátt:

- a. Í stað „20. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 21. gr.
- b. Í stað „21. gr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 22. gr.
- c. Í stað „25. gr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 26. gr.
- d. Í stað „46. gr.“ í 2. mgr. kemur: 62. gr.

9. gr.

Í 77. gr. laganna breytast tilvísanir á svofelldan hátt:

- a. Í stað „41. gr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 55. gr.
- b. Í stað „44. gr.“ í 2. tölul. kemur: 60. gr.
- c. Í stað „45. gr.“ í 3. tölul. kemur: 61. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í þeim tilvikum sem greinir í 2. tölul. 1. mgr. skal refsað eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot manns, sem var íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi á verknaðarstundu, er fellur undir 218. gr. a og framið er erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn teljist ekki refsiverður eftir lögum þess ríkis.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. og 218. gr. a telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotþoli nær 14 ára aldri.

3. gr.

Á eftir 218. gr. laganna kemur ný grein, 218. gr. a, svohljóðandi:

Hver sem með líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með því að fjarlægja kynfæri hennar að hluta eða öllu leyti skal sæta fangelsi allt að 6 árum. Nú hefur árás í för með sér stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlýst af, eða hún telst sérstaklega vítavert vegna þeirrar aðferðar sem notuð er, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.

4. gr.

Í stað orðanna „217. eða 218. gr.“ í 218. gr. a laganna, er verður 218. gr. b, kemur: 217., 218. eða 218. gr. a.

5. gr.

219. gr. laganna orðast svo:

Ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. eða 218. gr. a getur, hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast fjórir nýir málslíðir er orðast svo: Heimilt er með sama hætti að veita sveitarfélögum styrki til stofnframkvæmda við fráveitur sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli framkvæmdirnar undir ákvæði 1. másl. og uppfylli að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur, að fengnum tillögum fráveitunefndar, nánari ákvæði um framkvæmdina í reglugerð. Skuldbindingar sem sveitarfélög-in taka á sig vegna rekstrarleigu skulu koma fram í ársreikningum þeirra. Styrkuppþæð samkvæmt þessari grein getur aldrei verið hærra en sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigríður A. Þórðardóttir

LÖG

um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

2. gr.

Landsvæði innan eftirgreindra marka og Þingvallavatn skulu vera sérstakt vatnsverndarsvæði, verndarsvæði Þingvallavatns: Að sunnan eru mörkin úr Stapa við Úlfljótsvatn (markapunktur jarðanna Kaldárhöfða og Efribrúar) þvert yfir vatnið í Sauðatanga, þaðan bein lína í hornpunkt jarðanna Úlfljótsvatns og Hlíðar efst í Baulugili (við Þrívörðuflatir). Þaðan ráða mörk þeirra jarða að hreppamörkum Grímsnes- og Grafningshrepps og Sveitarfélagsins Ölfuss. Þaðan ráða hreppamörk í hápunkt Skeggja (markapunktur jarðanna Nesjavalla og Nesja) og þaðan bein lína í markapunkt við Sæluhúsatótt (á sýslumörkum Kjósarsýslu og Árnassýslu). Þaðan ræður lína í eystri enda Mjóavatns og áfram í markapunkt jarðarinnar Skálabrekku við Hádegisholt. Síðan ráða mörk jarðanna Skálabrekku og Kárastaða í sýslumörk Árnassýslu og Kjósarsýslu. Sýslumörk ráða allt norður að hreppamörkum fyrrum Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps á Langjökli. Þaðan ræður lína í hápunkt Hagafells og þaðan í hápunkt Hlöðufells. Þaðan ræður bein lína í eystri Hrutatind (norðan Miðdalsfjalls), síðan í hápunkt Ása og þaðan bein lína í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns. Þaðan ræður bein lína í hornpunkt jarðarinnar Laugarvatns sunnan megin (á Markahrygg) og síðan ráða mörk þeirrar jarðar og hreppamörk fyrrum Laugardalshrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps á Biskupsbrekkum. Þaðan liggja mörkin í há-Þrasaborgir. Þaðan ráða mörk jarðarinnar Kaldárhöfða í Stapa við Úlfljótsvatn, sbr. kort í fylgiskjali með lögum þessum sem sýnir mörk verndarsvæðis Þingvallavatns.

Um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eins og mörk hans eru ákveðin í lögum gilda ákvæði laga um þjóðgarðinn.

3. gr.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfissráðherra setur að höfðu samráði við hlutað-eigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna.

Sveitarstjórn er heimilt að binda byggingar- og framkvæmdaleyfi sem hún gefur út á grundvelli skipulags- og byggingarlaga skilyrðum um verndun vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins enda séu skilyrðin í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli 1. mgr.

Vatnsverndun á landinu skal ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema umhverfisráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt. Getur ráðherra þá ákveðið takmarkanir á nytjarétti innan verndarsvæðisins. Slíkar ákvarðanir skal birta í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

Umhverfisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd verndunarinnar, þar með talið um breytingar á vatnshæð og takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Telji ráðherra að slík losun í Þingvallavatn samrýmist ekki verndun vatnsins getur hann bannað hana. Ákvarðanir þessar skal ráðherra taka að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, Þingvallanefnd að því er varðar þjóðgarðinn á Þingvöllum og iðnaðarráðuneytið.

Óheimilt er að stunda fiskeldi í eða við Þingvallavatn. Þrátt fyrir ákvæði laga um lax- og silungsveiði er óheimilt án leyfis umhverfisráðherra að stunda fiskrækt í eða við Þingvallavatn.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum sem renna í ríkissjóð, að lágmarki 50.000 kr. og að hámarki 100.000 kr., til að knýja menn til ráðstafana sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Jafnframt má beita fyrrnefndum dagsektum til að knýja menn til að láta af atferli sem brýtur í bága við lög þessi og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim.

6. gr.

Um heimild til eignarnáms á verndarsvæði samkvæmt lögum þessum, sölu jarðar sem er á náttúruminjaskrá og skaðabætur fer eftir 64., 69. og 77. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.



Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigríður A. Þórðardóttir.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 25. maí 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Árnason.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 28. maí 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
85	24. maí	Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess	405-407
86	25. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	408
87	28. maí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	408

